

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 335/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Ástþóri Bjarna Sigurðssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Fjárdráttur. Skyldusparnaður. Tékkar. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 20. júlí 1993 til þyngingar á refsingu. Jafnframt krefst ákærvaldið staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur.

Ákærði rak verslanir og myndbandaleigur í Keflavík og víðar undir nafninu Frístund sem einkafirma með ótakmarkaðri ábyrgð. Varðar mál þetta starfsemi ákærða á tímabilinu frá maí 1990 fram í desember 1991. Upplýst er hér fyrir dómi, að bú hans og firmans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 3. febrúar 1992. Lýst var í búið kröfu frá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna vangreidds skyldusparnaðarfjár, og var hún samþykkt sem forgangskrafa á skiptafundi 31. júlí 1992. Kröfu frá Sigurði Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni vegna tékkaskuldar við Bíóhöllina var einnig lýst í búið. Var hún samþykkt sem almenn krafa á skiptafundi 18. maí 1992. Skiptum á búinu er ekki lokið.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur ákærði viðurkennt að hafa á fyrrgreindu tímabili greitt laun til þeirra starfsmanna fyrirtækisins, sem taldir eru í I. kafla ákæru, án þess að standa skil jafnóðum á skyldusparnaðarfé, sem halda átti eftir og dregið var af launum samkvæmt launaseðlum hverju sinni. Var starfsmönnunum ekki kunnugt fyrr en síðar, hvernig hann hélt á málum. Verður fallist á þá ályktun héraðsdómara, að í rekstrinum hafi verið til ráðstöfunarfé, sem ákærði hagnýtti til að halda honum áfram í stað þess að efna skyldur sínar í þessu efni. Braut ákærði þannig gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um þýðingu refs-

ákvæða í lögum nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990, sem verjandi ákærða hélt fram við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að fremur hefðu átt hér við, vísast til dóms Hæstaréttar 19. mars 1993 í málinu nr. 119/1992.

Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um refsínæmi þeirrar háttsemi, sem um fjallar í I. og II. kafla ákæru, og um refsingu ákærða. Við ákvörðun hennar hefur verið litið til þess, að ákærði hefur að mestu gert skil við fyrrgreint starfsfólk sitt.

Krafa um skaðabætur vegna tékkamisferlis samkvæmt II. kafla ákæru var upphaflega sett fram í kærubréfi lögmanns Bíóhóllarinnar 7. febrúar 1992 til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Áður en ákært var í málinu, hafði kröfunni verið lýst í bú ákærða, eins og fyrr greinir. Hér er kröfunni beint gegn ákærða persónulega, og hefur hann ekki mótmælt fjárhæð hennar. Eru ekki efni til að vísa kröfunni frá héraðsdómi, og ber að taka hana til greina, eins og þar var gert. Einnig ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ástþór Bjarni Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

#### Dómur Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-107/1993: Ákæruvaldið gegn Ástþóri Bjarna Sigurðssyni, sem dómtekið var 23. júní sl.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Það er höfðað með ákæru, dagsettri 4. maí sl., gegn Ástþóri Bjarna Sig-

urðssyni, Garðabraut 58, Garði, kt. 200656-2969, fyrir fjárdrátt og tékka-  
svik sem hér greinir:

## I.

Að hafa á tímabilinu frá maí 1990 til desember 1991 haldið eftir af laun-  
um eftirgreindra starfsmanna sinna skyldusparnaðarfé, samtals 401.707 kr.,  
en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi  
77, Reykjavík, sem innheimtustofnunar skyldufjár fyrir Húsnæðisstofnun  
ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, heldur dregið sér þetta fé og notað  
í atvinnurekstur sinn.

<i>Nafn starfsmanns</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Fjárhæð</i>
Anna Guðmundsdóttir, kt. 210175-3939,	apríl-sept. 1991	kr. 32.985
Anna Kristín Friðriksdóttir, kt. 051171-4549,	maí 1990-okt. 1991	— 143.264
Bára Inga Ásmundsdóttir, kt. 181171-3919,	nóv. 1990-des. 1991	— 122.491
Sara Guðmundsdóttir, kt. 140672-4839,	jan.-des. 1991	— 38.723
Elín María Nielsen, kt. 291070-3619,	maí 1990-nóv. 1991	— 45.267
Sveinbjörg S. Ólafsdóttir, kt. 100372-3989,	sept.-nóv. 1991	— 18.977
		<u>Samtals kr. 401.707</u>

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/  
1940, en til vara við 115. gr. og 116. gr., sbr. 125. gr. laga um Húsnæðis-  
stofnun ríkisins nr. 86/1988.

## II.

Að hafa í nóvember 1991 gefið út til Bíóhallarinnar, Álfabakka 8,  
Reykjavík, eftirtalda þrjá tékka á tékkareikning sinn nr. 101788 við Íslands-  
banka hf., Hafnargötu 60, Keflavík, án þess að innstæða væri næg fyrir  
fjárhæð tékkanna, en reikningnum var lokað 4. desember 1991. Tékkana  
notaði ákærði sem greiðslu fyrir myndbönd, sem hann keypti af Bíóhöll-  
inni.

1. Tékki nr. 9651832, að fjárhæð 60.000 kr., dagsettur 25. 11. 1991.
2. Tékki nr. 9651833, að fjárhæð 60.000 kr., dagsettur 29. 11. 1991.
3. Tékki nr. 9651834, að fjárhæð 61.883 kr., dagsettur 9. 12. 1991.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við  
73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Sigurður Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd Bíóhallarinnar, að ákærði verði dæmdur til greiðslu 181.883 kr. ásamt hæstu vanskilavöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1991 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu ákærða er haldið uppi vörnum í málinu og eindregið krafist sýknu af kröfu ákærvaldsins og bótakröfunni í málinu. Þá er krafist málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Sigurgeirssonar hdl.

#### *Málavextir.*

##### I.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið eftir af launum starfsmanna sinna skyldusparnaðarfé og eigi staðið skil á því til veðdeildar Landsbanka Íslands, svo sem lýst er í I. kafla ákæru. Hefur hann borið því við, að er afdrátturinn fór fram, hafi ekki verið til peningar að gera skil á skyldusparnaðarfénu. Kvaðst hann hafa ætlað að gera það síðar, er úr rættist með rekstur sinn, en á þessum tíma hefði einungis verið unnt að greiða launin. Ef þá hefði og átt að greiða þetta og önnur gjöld, hefði það ekki náð til að greiða nema hluta launanna, en meira þá verið lagt upp úr því að borga starfsmönnum laun sín, sem þeir hefðu orðið að fá sér til lífsframtæris. Hann kvað skyldusparnaðarféð svo síðar að mestu leyti hafa verið gert upp við starfsmennina, og einhverju hefði líka verið skilað til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hann kvað þó enn vera alveg óuppgert við Elínu Maríu Nielsen, kt. 291070-3619.

Allir aðrir starfsmenn ákærða, sem taldir eru upp í I. kafla ákæru, komu fyrir dóm 14. maí sl., og kom þá fram, að þeir höfðu fengið að mestu greiddan skyldusparnað þann, sem ákærði hafði dregið af þeim við launauppgjör, en ekki skilað, eða hann hafði þá skilað honum til Landsbanka Íslands vegna Húsnæðisstofnunar ríkisins. Fram kom, að þetta gerðist hjá hverjum starfsmanni um sig mörgum mánuðum eftir afdráttinn, og hafði það þá verið, eftir að hlutaðeigandi starfsmaður hafði komist að því, þegar hann til dæmis ætlaði að taka út skyldusparnaðinn, að hann hafði ekki verið lagður inn til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Því hefur verið haldið fram af ákærða, að staða sín hafi verið svo erfið á þessum tíma, að hann hafi ekki haft fé aflögu til að ganga frá uppgjöri skyldusparnaðarins, og skuldbindingar, sem hann hafi tekið vegna rekstrarins o. fl., valdið því. Ljóst er, að ákærði heldur áfram rekstri í langan tíma, eftir að afdrátturinn fór fram, og hafa engin gögn verið lögð fram í málinu, sem sýni það, að staða hans hafi verið svo slæm, að engir pen-

ingar hafi komið inn í reksturinn, sem hann hafi getað eða mátt ráðstafa til greiðslu skyldusparnaðarfjárins. En með því að láta fé, sem nam hinum afdregna skyldusparnaði, ganga inn í reksturinn, sem hann hefur gert sér til framdráttar, hefur hann gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

## II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út og notað í viðskiptum þá tékka, sem greindir eru í II. kafla ákæru, og eins og þar er lýst. Ákærði kveðst hafa gefið þá út fram í tímann, og hafi átt að vera til innstæða fyrir þeim á skráðum útgáfudögum. Hann kvaðst hafa verið að greiða skuld við Bíóhöllina, sem stofnast hefði vegna leigu hans á myndböndum frá Bíóhöllinni.

Próstur Árnason, sýningarstjóri hjá Bíóhöllinni, til heimilis að Háaleitisbraut 20, Reykjavík, kt. 140360-3179, hefur borið vitni í málinu. Vitnið hafði tekið við tékkaávisunum og staðfesti, að tékkana hefði ákærði notað til greiðslu upp í skuld við Bíóhöllina vegna myndbandaleigu, og hefðu tékkarnir verið dagsettir fram í tímann. Það kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, að þeir hefðu verið án innstæðu, er þeir voru afhentir, en innstæða átti að vera næg á skráðum útgáfudegi. Það kannaðist við, að ákærði hefði hringt til þess til að fá því frestað, að tékkunum yrði framvísað, og það verið gert, en það hafði þá ekki skýringu á því, hvers vegna tékka með útgáfudegi 25. nóvember 1991 var framvísað á þeim degi, en taldi, að það hefði gerst, áður en ákærði hringdi.

Ekki er talið, að ákærði hafi við notkun tékkanna beitt blekkingum, svo að varði við 248. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar hefur hann með þessu gerst sekur um tékkamisferli, svo að varðar við 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

## III.

### *Niðurstöður.*

Ákærði hefur tvívegis gengist undir sátt fyrir dómi, þ. e. 31. desember 1979 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn tollalögum og 27. október 1982 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 57. gr. a og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin þannig, að ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs 90.000 kr. innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 25 daga, en enn fremur sæti hann fangelsi 45 daga, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Bíóhöllin hf., Álfabakka 8, Reykjavík, hefur gert kröfu um, að ákærði greiði í bætur fjárhæð tékkanna, 181.883 kr., ásamt hæstu vanskilavöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1991 til greiðsludags og svo málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Ákærði hefur ekki mótmælt kröfunni sem rangri, en fellst þó ekki á að greiða hana og ber helst fyrir sig, að þessi krafa hafi verið gerð í þrotabú sitt og eigi því ekki heima í þessu máli.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um, að ákærði hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta né hvaða kröfur hafi þá verið gerðar í bú hans, og er ekki fallist á þessi rök ákærða. Krafan er einungis miðuð við það fjárhagstjón, sem leiddi af tékkamisferli ákærða, og þykir mega taka hana til greina, og er málskostnaður vegna kröfunnar talinn hæfilegur 27.000 kr.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talinna mál-sóknarlauna í ríkissjóð, sem ákveðast 40.000 kr., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, sem ákveðast 45.000 kr. auk virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Ástþór Bjarni Sigurðsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 90.000 krónur, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti og fangelsi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði Bíóhöllinni hf., Álfabakka 8, Reykjavík, 181.883 kr. auk vanskilavaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 9. desember 1991 til greiðsludags og 27.000 kr. í málskostnað.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin 40.000 kr. í sak-sóknarlaun til ríkissjóðs, og 45.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar hdl.